

**Námsáætlun: LITA1It05 Litafræði og tölvuvinnsla**

Kennari: Jóhanna M Tryggvadóttir [johannamt@fg.is](mailto:johannamt@fg.is)

**Áfangalýsing**

**Kennslunni er skipt niður í þrjú tímabil.**

1. Eingöngu í verklegri kennslu ( litafræði og myndbyggingu)
2. Eingöngu tölvuvinnsla ( photoshop )
3. Sambland af verklegri kennslu og tölvuvinnslu.

**Verkleg kennsla ( Stofa V120)**

Nemendur læra grunnþætti litafræðinnar, litablöndun og tákfræði lita.

Nemendur læra um eðli og merkingu myndbyggingar og gera mismunandi æfingar til að þjálfra samspil lita og myndbyggingar.

**Tölvuvinnsla Photoshop ( Stofa V208)**

Nemendur læra að vinna með lagskiptar myndir og mun litafræðin og myndbygging fléttast þar inn í. Þeir nemendur sem eiga teiknibretti er velkomið að vinna með þau. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í því að færa verklega vinnu inn í tölvurnar þar sem áframhaldandi hugmyndavinna á sér stað í bland við efnivið af veraldarvefnum. Farið verður yfir höfundarréttarlög.

Nemendur læra að halda vel utan um vinnuna sína og munum við nota google account í þessum áfanga. Mun hver nemandi deila möppu á google drive með kennaranum, sem inniheldur tvær möppur. Önnur með verklegum verkefnum og hin með photoshop verkefnum og mun kennari fylgjast þar með framvindu og gefur hverjum og einum nemanda endurgjöf.

**Efni og áhöld í verklega hlutanum**

Nemendur sem hafa verið í öðrum myndlistaráföngum koma með þau áhöld sem þau hafa nú þegar fengið t.d. blýanta, lím, hnífa o.s.frv.. Einnig munu nemendur fá lánað ýmislegt annað sem þeir síðan þurfa að skila í lok áfangans.

**Photoshop**

Nemendur þurfa að mæta með þokkalega góðar **tölvur og mýs**

Nemendur þurfa að fara á skrifstofu skólans **fyrir 27 Nóvember** og borga kr : 6000 fyrir áskrift af photoshop sem virkar síðan í heilt ár. Þið fáið síðan senda vefslóðþar sem þið getið halað niður Adobe pakkanum eða bara Photoshop hlutanum.

***ATH ef nemendur mæta ekki með tölvur, mýs og Photoshop í tölvunum sínum þá er það skráð sem fjarvist í tíma.***

**Heimavinna:** Nemendur vinna heimavinnu í skissubók ásamt Photoshopverkefnum. Hægt er að nálgast öll verkefni og verkefnaáætlun sem er uppfærð reglulega inni á Innu.

## **Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- litablöndun og tákfræði lita
- hvernig mismunandi litaspil og mismunandi myndbygging breytir virkni og áhrifum myndar
- hvernig mála á með þekjulitum og akrýllitum
- hvernig vinna má með lagskiptar myndir í Photoshop
- hvernig unnin er hugmyndavinna í Photoshop
- mikilvægi þess að geta rætt um eigin verk og annarra

## **Leikniviðmið**

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- blanda liti og vinna sjálfstætt myndverk
- vinna með lagskiptar myndir
- byggja upp mynd með mismunandi myndbyggingu
- færa verklegar tilraunir í tölvutækt form og vinna hugmyndavinnu
- halda vel utan um vinnu sína
- ræða um eigin verk og annarra

## **Hæfniviðmið**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- blanda liti af öryggi og beita þeim á markvissan hátt
- vinna markvist með myndbyggingu
- vinna fínleg og gróf myndverk
- koma hugmyndum sínum frá sér með fjölbreyttum aðferðum

## **Námsmat**

Virkni og mæting 20%  
Verkefni unninn í tölvu 35 %  
Litafræði verkefni 35 %  
Skissubók 10 %

## **Þættir sem tekið er mið af við einkunnargjöf**

Sýnir nemandi: sjálfstæði, samvinnu, forvitni, áræðni, hugmyndaauðgi, framfarir og nemandi geti tekið uppbyggilegri gagnrýni.

## **87% Raunmæting.**

Nemandi getur unnið upp veikindafjarvistir með því að mæta í tvö opin verkstæði ef raunmæting nær 75%.

Ein veikindafjarvist er felld niður á móti einni kennslustund á opnum verkstæðum sem geta verið samtals 8 kennslustundir.

Ef þessum skilyrðum er ekki náð er nemandi fallinn í áfanganum.

Ef 87% raunmætingu er hins vegar fullnægt þarf nemandi að ná einkunninni 4,5 til að ná áfanganum.